

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga .	kr. 800.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 300.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 300 00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) ..	— 300.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 60.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 500.00
7. Fyrir fjármark	— 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 500.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 200.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 200.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 300.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 40.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. janúar 1968. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 1 3. janúar 1966, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 30. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.